

Félag framhaldsskólakennara Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2018



Building a better
working world

Stjórn Félags framhaldsskólakennara
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

27. mars 2019

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Félags framhaldsskólakennara fyrir rekstrarárið 2018 sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga.

Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunarinnar höfum við skoðað innra eftirlit til að ákveða endurskoðunaraðgerðir með það að markmiði að gefa álit á ársreikningi Félags framhaldsskólakennara en ekki gefa álit á virkni innra eftirlits. Í skýrslu þessari munum við setja fram ábendingar um það sem við teljum að betur mætti fara og önnur áhersluatriði við endurskoðun okkar.

Skýrsla þessi er eingöngu ætluð til upplýsingagjafar til stjórnar, stjórnenda og annarra innan félagsins og er ekki ætluð til frekari dreifingar.

Við endurskoðunina höfum við átt gott samstarf við starfsmenn og stjórnendur félagsins og þökkum veitta aðstoð. Sé þess óskað munum við með ánægju ræða nánar þau atriði er fram koma í þessari skýrslu.

Virðingarfyllst,

Árni S. Snæbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young ehf.

Efnisyfirlit

1. Framkvæmd endurskoðunar
2. Rekstrarreikningur
3. Efnahagsreikningur
4. Aðgreining starfa
5. Yfirferð stjórnar

Tengiliðir:

Árni S. Snæbjörnsson

Sími: 595-2525

arni.snaebjornsson@is.ey.com

Aðalheiður Sigbergsdóttir

Sími: 595-2503

adalheidur.sigbergsdottir@is.ey.com

1. Framkvæmd endurskoðunar

Markmið endurskoðunar

- ▶ Markmið endurskoðunarinnar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þess. Markmiðið er hins vegar ekki að leiða í ljós óverulegar skekkjur. Við höfum leiðrétt, í samráði við stjórnendur félagsins, allar verulegar skekkjur sem upp hafa komið við endurskoðunina.

Framkvæmd endurskoðunar

- ▶ Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- ▶ Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Ábyrgð endurskoðanda

- ▶ Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Ábyrgð stjórnar

- ▶ Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

- ▶ Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.
- ▶ Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga.

2. Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur

- ▶ Staðfest að framlag úr félagssjóði KÍ sé í samræmi við samþykktir þings KÍ.
- ▶ Án athugasemda.

Laun og launatengd gjöld

- ▶ Farið var yfir útreikninga á launum og launatengdum gjöldum. Án athugasemda.
- ▶ Samræmi milli gjaldfærðra launa og launakerfis KÍ sannreynt. Án athugasemda.

Rekstrargjöld

- ▶ Farið var yfir hreyfingarlista rekstrarkostnaðar, úrtak var tekið og undirliggjandi gögn skoðuð. Án athugasemda.
- ▶ Farið var yfir afstemmingar á framlagi til félagsdeilda. Án athugasemda.

3. Efnahagsreikningur

Handbært fé

- ▶ Handbært fé í árslok nam 153,6 milljónum króna, þar af nemur handbært fé fræðslusjóðs 61,9 milljónum króna.
- ▶ Farið var yfir afstemmingar á handbæru fé.
- ▶ Óskað var eftir bankastaðfestingarbréfi frá viðskiptabanka félagsins. Upplýsingar í bankastaðfestingarbréfi voru í samræmi við bókhald félagsins.
- ▶ Án athugasemda.

Skammtímaskuldir

- ▶ Afstemmingar á viðskiptareikningi við félagssjóð KÍ yfirfarnar og sannreyndar. Skuld við félagssjóð KÍ nam 12 milljónum króna í árslok.
- ▶ Aðrar skammtímaskuldir eru vegna orlofsskuldbindingar. Útreikningar orlofsskuldbindingar voru yfirfarnir. Án athugasemda.

Eigið fé

- ▶ Hreyfingar á eigin fé yfirfarnar. Án athugasemda.

4. Aðgreining starfa

- Félög af þessari stærðargráðu hafa oft á tíðum ekki fullnægjandi aðgreiningu starfa og það á við í þessu tilviki. Við gerum okkur grein fyrir að erfitt getur verið að uppfylla aðgreiningu starfa í ekki umfangsmeiri rekstri en þessum, en teljum þrátt fyrir það rétt að benda á þennan annmarka.
- Skoðun okkar leiddi ekkert athugasvert í ljós.

5. Yfirferð stjórnar

Stjórn félagsins hefur lesið endurskoðunarskýrslu þessa vegna ársins 2018 og kynnt sér niðurstöður hennar.

Reykjavík, 27. mars 2019

Í stjórn:

Takk fyrir

The EY logo is rendered in a bold, grey, sans-serif font. The 'E' and 'Y' are connected at the top. The background of the slide is a scenic landscape featuring a rocky coastline, a wooden bench, and a sunset over the ocean. A large yellow triangle is overlaid on the right side of the image, and a white fence is visible on the left.

Building a better
working world